

Vigfús Guttormsson, skáld

Afhending 2011/90

Vigfús Guttormsson fæddist í Suður-Múlasýslu 16. nóvember 1874. Sem kornabarn flutti hann með foreldrum sínum til Kanada og kom ekki aftur til Íslands. Vigfús lést árið 1964.

Þann 5. febrúar 1899 giftist Vigfús Vilborgu Árnason (Pétursdóttur). Foreldrar hennar voru Íslendingar en Vilborg fæddist í Kanada. Vigfús og Vilborg eignuðust 3 dætur og 3 syni. Þau bjuggu fyrst um sinn að Shoal Lake, þá Oak Point og árið 1919 fluttu þau í Lundar í Manitoba þar sem þau bjuggu æ síðan.

Vigfús var ljóðskáld og gaf út ljóðabókina Eldflugur. Hann orti einnig mikið af tækifærisljóðum og ljóð hans voru öll á íslensku. Á fimmtugsaldri fékk hann þá flugu í höfuðið að læra á orgel og stýra söng og varð organisti og kórstjóri í kirkjunni á Lundar.

Samhliða tónlist og kveðskap stundaði Vigfús einnig búskap, rak verslun og hótél og gegndi starfi póstmeistara um tíma. Hann var einnig mikill leiðtogi í menningarmálum í sveit sinni.

Afhendingin kom frá Bjarka Sveinssyni. Ekki hafa komið aðrar afhendingar tengdar Vigfúsi.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
19. mars 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Vigfús Guttormsson			
A-Vigfús Guttormsson		1926 - 1926	
Vigfús Guttormsson (1874-1964), skáld			2011 / 90
2011 -	A / 1	1	1926- 1926
Nokkur bréf Björgvins Guðmundssonar tónskálds til Vigfúsar Guttormssonar, skálds í Lundar, Manitoba.			